



Tegund eignar : Sérhæð

Bæjarfélag / Hverfi :
Torrevieja

Izóna : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2025

Sundlaug : Í sameign

Garður : Já

Eignin snýr : til suð-austurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði
og garð

Bílastæði : Bílastæðakjallari

**Fermetra stærð
eignar :**

98.1 m²

Stærð verandar :

25 m²

Flugvöllur :

40

Strönd :

2

Borg :

2

Golf :

15

✓ Hiti í gólfi

✓ Lyfta

✓ Hleðlustöð fyrir rafbíla

✓ Verönd

✓ Öryggiskerfi

✓ Loftkæling

Stórkostlegar íbúðir í nýjum afgirtum íbúðarkjarna aðeins 250 metrum frá ströndinni í líflegu borginni Torrevieja og öll nauðsnleg þjónusta og afþreying s.s. matvöruverslanir, veitingahús, barir, bankar og apótek í göngufæri, að auki er ekki nema 10 min keyrsla í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og Zenia Boulevard.

Íbúðin sem um ræðir er á jarðhæð og er með hjólastólaaðgengi, hún er 98.1m² að stærð með glæsilegri hjónasvítu en hún er með sér baðherbergi með hita í gólfum og fataherbergi, að auki eru annað rúmgott svefnherbergi með innbyggðum fataskáp og baðherbergi með hita í gólfi. Sér 95,66m² garður fylgir íbúðinni og góð verönd, einnig fylgir bílastæði í bílakjallara og aðgangur að stórglæsilegum sameiginlegum garði með 3 sundlaugum og aðstöðu til líkamsræktar og leiksvæði fyrir börn. Einnig erum við með íbúðir með 3 svefnherbergjum til sölu í þesum sama kjarna.

Stutt er jafnframt að rölta til hafnarinnar í Torrevieja, en þar má meðal annars finna glæsilega veitingastaði, tívoli, báta, sæpotu leigur og kafbátasafnið í Torrevieja. Ekki sakar að tylla sér niður á rúmgóða verönd eins hinna fjölmörgu veitingastaða eða bara sem eru við höfnina og njóta þar síns uppáhalds kokteils í góðum félagsskap - með óhindrað útsýni til sjávar þar sem millt veðurlagið gerir alla daga að góðum dögum.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla meðfram hinum frægu salt vötnum Torrevieja/La Mata, heimili hinna bleiku flamenco fugla og njóta þar fjölbreyttrar og fallelgrar náttúru og lífríkis. Auk þess er ekki úr vegi að rölta á björtu síðdegi meðfram Playa les Ortigues ströndinni sem liggur milli Torrevieja og strandbæjarins Guardamar, en þessi strönd er verndað náttúrusvæði þar sem hinn einstaklega hlýja og ósnortna náttúra Miðjarðarhafsins fær að njóta sín. Strandlengja þar sem sandhólar, náttúrulegur gróður og dýraríki ráða ríkjum, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökuferlæggð að heiman.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!

